

**Nefndasvið Alþingis**  
**Iðnaðarnefnd**  
**b/t. Brynhildar Pálmarsdóttur**  
**nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 18. janúar 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi (13. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti um að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aðgerðum til að auðvelda fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.*

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf búi við virkt samkeppnisumhverfi og að rekstrarumhverfi hérlendis sé aðlaðandi fyrir fjárfesta, jafnt innlenda sem erlenda. Undir slíku umhverfi eru jafnframt tekjuöflunarmöguleikar ríkissjóðs að stórum hluta komnir. Í þeim efnum geta sértækari aðgerðir, líkt og ofangreind þingsályktunartillaga ber með sér, vissulega komið að gagni en að mati ráðsins skiptir mestu að hið almenna lagaumhverfi sé í senn gegnsætt og hagkvæmt.

Markmið höfunda þingsályktartillögunar er að ríkisstjórnin beiti sér fyrir hvetjandi aðgerðum fyrir erlenda fjárfesta. Viðskiptaráð er sammála því að þörf er á erlendum fjárfestingum inn í landið á þessum tímum og að breytinga er þörf til hvatningar á því. Er því vissulega ríkt tilefni til að taka undir þær tillögur sem lagðar eru fram, en eins og áður greinir ætti megináherslan að vera lögð á það að almennt lagaumhverfi til rekstrar sé hagkvæmt. Þar skiptir höfuðmáli að ekki sé ráðist í lítið ígrundaðar breytingar í fljótskrift, t.a.m. á skattkerfinu. Sú óvissa sem af slíkum breytingum leiðir er mein í beinum atvinnulífs og fjárfesta – stöðugleiki og einfaldleiki er þannig forsenda hagkvæms rekstrarumhverfis.

Þá skiptir einnig miklu að vernd erlendra fjárfestinga og fjárfesta sé betur tryggð hérlendis. Hvað það varðar er mikilvægt að lögð verði aukin vinna af hálfu utanríkisráðuneytisins í gerð fjárfestingarsamninga (Bilateral Investment Treaties, BIT's) við helstu viðskiptalönd. Samhliða því þyrfti að uppfæra lög um samningsbundna gerðardóma til samræmis við það sem helst gerist erlendis, en núgildandi lög eru frá árinu 1989. Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarið ár í samstarfi við teymi sérfræðinga hvatt dómsmálaráðuneytið til leggja í slíka endurskoðun, en án árangurs.

Einföldun og hagræðing á núgildandi lögum og stöðugleiki lagaumhverfis er mun betur til þess fallin að virka hvetjandi á fjárfesta en sértækar aðgerðir. Slíkar aðgerðir duga skammt ef grunnurinn er skeikull. Mikilvægt er fyrir löggjafarvaldið að hafa það í huga í vinnu næstu missera. Með því einu og sér að einfalda t.a.m. skattakerfið í stað þess að flækja það má ná miklum árangri í þessum efnum og eru óhagkvæmar reglur um skattlagningu olúvinnslu gott dæmi þar um. Einföldun ferla, langtímastefnumörkun og rammalöggjöf eru skref í rétta átt, en betur má ef duga skal ef hvatning til frekari fjárfestinga á í raun að leiða til fjárfestinga.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands